


Dæmisagan af miskunnsama Samverjanum

33. tími



Tilgangur:

Líf Jesú – Læra að Jesús kenndi okkur að við verðum að elska eins og hann elskar. Við verðum að elska alla menn.

Námsefni:

B Lk 10:25-37; Q. 21. kafli

DÆMISAGAN UM MISKUNNSAMA SAMVERJANN

Teiknaðu fjóra meginþætti sögunnar á töfluna. Eftir að hafa gefið nauðsynlegar skýringar, teiknaðu kassa utan um hverja mynd. Áður en þú byrjar að teikna, reyndu að fá börnin til að skilja nauðsyn þess að elska alla, jafnvel þá sem gera okkur illt. Spurðu nokkurra spurninga til að fullvissa þig um að þau hafi skilið þig.

Strákur, sem heitir Páll á mjög gott sælgæti.

Segjum að hann gefi þér tvö stykki af þeim, þau stærstu..

Hvað heldur þú, er hann góður strákur?

Já, hann er vinur þinn. Ég er viss um að þér þykir vænt um hann.

Myndir þú hjálpa Páli ef hann myndi detta og meiða sig þegar hann er að leika sér?

Önnur spurning:

Annar strákur, sem heitir Pétur hefur oft meitt þig. Hann hefur klipið þig og lamið þig líka. Allt í einu sérðu hann á hlaupum, hann dettur og meiðir sig á hnénu.

Hvað finnst þér að þú ættir að gera?


Ættir þú að hlaupa til hans og hjálpa honum til að standa upp eins og þú gerðir við Pál?

Já, auðvitað. Það myndi gleðja Guð mest.


Hlustið nú á söguna, sem ég ætla að segja.

Gyðingur fór frá Jerúsalem í langa ferð. Áður en hann lagði af stað tók hann peninga sem hann þurfti fyrir ferðina. Hann gekk aleinn á veginum þegar þjófur kom og réðist á hann og barði hann.

Teiknið manninn og þjófinn.



Á teikningunni sjáið þið að gyðingurinn hélt á poka en þjófurinn tók hann eftir að hafa barið manninn með kylfu. Þjófurinn meiddi hann svo mikið að aumingja maðurinn datt niður og lá án þess að geta hreyft sig.




Þjófurinn hljóp í burtu með peningana.

Margt fólk gekk oft þessa leið.

Gyðingaprestur fór framhjá, leit á manninn sem lá á götunni en snéri sér frá og hélt áfram.

Levíti kom líka framhjá og skipti sér ekki af aumingja manninum.

Teiknið prestinn og levítann að ganga framhjá.




Nokkrum mínútum seinna kom Samverji..

Samverjar voru fólk sem bjó í Samaríu og voru óvinir Gyðinga, svo maðurinn sem lá á götunni var ekki vinur Samverjans.

Þegar Samverjinn sá Gyðinginn liggjandi á götunni, gæti hann hafa sagt við sjálfan sig: **“Þetta er Gyðingur, ég hjálpa honum ekki.”**


En hann gerði það. Hann hugsaði ekki um hann sem óvin.

Teiknið góða Samverjann að hjálpa Gyðingum



Samverjinn lyfti honum upp, hreinsaði blóðið af sárum hans. Hann sá að maðurinn var mjög veikur, setti hann upp á hest sinn og fór með hann að gistihúsi.

Teiknið góða Samverjann að flytja manninn á hesti sínum.




Maðurinn var mjög veikur og gat varla setið á hestinum. Hann lá fram á makka hestsins. Samverjinn teymdi hestinn.

Þeir komu í gistihúsið og fóru inn í herbergi.


Samverjinn náði í drykk fyrir Gyðinginn, sem lá í rúminu.

Samverjinn seta á stól við rúm hins veika manns.



Ef þið eruð veik gefur mamma ykkar ykkur að drekka og kannski meðal. Oft situr hún við rúmið. Það sama gerði góði Samverjinn.

Þegar þér líður betur þarf mamma ykkar kannski að fara frá til að vinna eitthvað. Samverjinn hafði frestað ferð sinni og bjó sig undir að halda áfram og yfirgefa Gyðinginn, sem leið nú betur. En Samverjinn skildi að þjófurinn hafði stolið öllum peningum Gyðingsins. Þess vegna fékk hann gistihúseigandanum peninga svo að hann hjúkraði Gyðingnum þangað til honum batnaði.



Sjáið hann á teikningunni. Með annarri hendi bendir hann á veika manninn, með hinni fær hann gistihúseigandanum skjóðu með peningum.

Surðu þessara spurninga:

Hvað gerði þjófurinn?

Gat Gyðingurinn varið sig?

Hvar lá hann?

Hvað gerði hann?

Hver fór fyrst fram hjá? Hvað gerði hann?

Hver fór næst framhjá?

Hvað gerði hann?

Voru Gyðingar vinir Samverja?

Hver kom eftir veginum á eftir Gyðingaprestinum og Levítanum?

Hvað gæti hann hafa sagt þegar hann sá Gyðinginn?

Hvað gerði hann?

Hvert fór hann með manninn?

Hvað sagði góði Samverjinn við gistihúseigandann?

Hver fannst Guði bestur; Gyðingapresturinn, Levítinn eða Samverjinn?

Hvað á ég að gera?

Lögvitringur nokkur sté fram, vildi freista Jesú og mælti: „Meistari, hvað á ég að gera til þess að öðlast eilíft líf?“

Jesús sagði við hann: „Hvað er ritað í lögmálinu? Hvernig lest þú?“

Hann svaraði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum og náunga þinn eins og sjálfan þig.“

Jesús sagði við hann: „Þú svaraðir rétt. Ger þú þetta og þú munt lifa.“

En lögvitringurinn vildi réttlæta sjálfan sig og sagði við Jesú: „Hver er þá náungi minn?“

Því svaraði Jesús svo: „Maður nokkur fór frá Jerúsalem ofan til Jeríkó og féll í hendur ræningjum. Þeir flettu hann klæðum og börðu hann, hurfu brott síðan og létu hann eftir dauðvona. Svo vildi til að prestur nokkur fór ofan sama veg og sá manninn en sveigði fram hjá. Eins kom og Levíti þar að, sá hann og sveigði fram hjá. En Samverji nokkur, er var á ferð, kom að honum og er hann sá hann kenndi hann í brjósti um hann, gekk til hans, batt um sár hans og hellti í þau viðsmjöri og víni. Og hann setti hann á sinn eigin eyk, flutti hann til gistihúss og lét sér annt um hann. Daginn eftir tók hann upp tvo denara, fékk gestgjafanum og mælti: Lát þér annt um hann og það sem þú kostar meira til skal ég borga þér þegar ég kem aftur.

Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni sem féll í hendur ræningjum?“

Hann mælti: „Sá sem miskunnarverkið gerði á honum.“

Jesús sagði þá við hann: „Far þú og ger hið sama.“

Litið myndirnar

